

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

670. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 15. nóvember 2010 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa Icelandic Water Export.
2. Bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.
3. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga.
4. Umsóknir um úthlutun leiguíbúðar í Nestúni.
5. Fundargerð 780. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
6. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.

Afgreiðslur:

1. Fulltrúar Icelandic Water Export Hreinn Hreinsson, Ólafur Egilsson og Pétur Valdimarsson eru mættir til fundar við byggðarráð. Kynntu þeir stöðu fyrirtækisins og hvað þeir hafa verið að vinna að til að hægt sé að koma starfsemi af stað í húsnæðinu. Undirritaður nýr lóðaleigusamningur um lóðina Höfðabraut 27, þar sem lóðarstærðin er leiðrétt úr 10.515 m² í 8.561 m². Jafnframt samþykkir byggðarráð að endurgreiða ofgreidda lóðarleigu kr. 75.505.
 2. Lagt fram til kynningar bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins dags. 9. nóvember s.l. um uppgjör framlaga vegna húsaleigubóta á árinu 2009.
 3. Lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 8. nóvember s.l. um framhald verkefnis um hagsmunagæslu í úrgangsmálum. Byggðarráð samþykkir að vera áfram þátttakandi í þessu verkefni.
 4. Úthlutun leiguíbúðar í Nestúni. Byggðarráð samþykkir að úthluta Einari Jónssyni kt. 141035-4449 íbúð á e.h.m fastnr. 225-1498.
 5. Lögð fram fundargerð 780. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. október s.l. Elín R. Líndal kynnti.
 6. Lögð fram til kynningar fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 27. október s.l.
- Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 16:00

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri

Áheyrnarfulltrúi:

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari